

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Fráveitu Hveragerðis, nr. 119/2011.

1. gr.

3. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Hveragerðisbær innheimtir fráveitugjald af öllum fasteignum í Hveragerði, sem tengdar eru eða munu tengjast fráveitu sveitarfélagsins, sbr. 14. gr. V. kafla laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna, nr. 9/2009.

Fráveitugjaldið, ásamt öðrum tekjum fráveitunnar stendur undir rekstri hennar.

Árlegt fráveitugjald í Hveragerði er 0,155% af fasteignamati.

2. gr.

5. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Fráveita Hveragerðis annast árlega tæmingu rotþróa í eigu fasteignaeigenda í Hveragerði. Gjaldið er miðað við raunkostnað við hreinsun, urðun seyru og umsjón með verkinu.

Árlegt gjald í Hveragerði fyrir hreinsun hveirrar rotþróar minni en 5 rúmmetrar að stærð eru kr. 37.900.

Fyrir hreinsun rotþróa, stærri en 5 rúmmetrar skal gjald fyrir tæmingu þeirra vera í samræmi við raunkostnað í hverju tilviki fyrir sig.

3. gr.

Þannig samþykkt af bæjarstjórn Hveragerðisbæjar þann 12. desember 2019, sbr. 15. gr. laga nr. 9/2009 til þess að öðlast þegar gildi.

Hveragerði, 13. desember 2019.

Aldís Hafsteinsdóttir bæjarstjóri.